

**A 1660/medborgar**

Fjallað um í:  
Norrænu velferðarnefndinni

Málsnúmer: 15-00220-12

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um

## **þingmannatillögu um sameiginlegar aðgerðir gegn eltihrellingu á Norðurlöndum**

### **Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún varpi ljósi á almennan vanda vegna áreitni og haldi norræna ráðstefnu þar sem borin verður saman reynsla af ýmiss konar áreitni, svo sem kynferðislegri áreitni á vinnustöðum, nethatri og eltihrellingu.

### **Forsaga**

Norræna velferðarnefndin hefur ákveðið að taka tvær þingmannatillögur flokkahóps jafnaðarmanna, sem skyldar eru að efni, til sameiginlegrar umfjöllunar: þingmannatillöguna um *sameiginlegar aðgerðir gegn eltihrellingu* á Norðurlöndum (A 1660/medborgar) og þingmannatillöguna um *sameiginlegar norrænar aðgerðir gegn kynferðisáreitni á vinnustöðum* (A 1679/välfärd).

### **Þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna um eltihrellingu**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til

*að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna*

*að til ættu að vera reglur á öllum Norðurlöndunum sem varða eltihrellingu, sem ná bæði til ofsókna í raunheimum og ofsókna á netinu;*

*að Norðurlöndin stundi rannsóknir á þessu sviði varðandi bæði ofsóknir í raunheimum og ofsóknir á netinu.*

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur einnig til

*að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar*

*að haldin verði ráðstefna um vandamál tengd eltihrellingu;*

*að fram fari norræn herferð í þeim tilgangi að veita upplýsingar um hvernig megi taka á ofsóknum sem eiga sér stað á netinu og í daglegu lífi.*

### *Þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna – forsaga*

Eltihrelling er vandamál alls staðar á Norðurlöndum. Eltihrelling, eða ólögleg eftirför, felur í sér að einstaklingur er áreittur ítrekað af sama einstaklingi. Í mörgum tilvikum þekkir þolandi til gerandans. Eltihrellir getur verið fyrirverandi maki, nágrenni eða starfsfélagi en stundum er um lauslegri kynni að ræða. Einnig kemur fyrir að fólk úr tilteknum starfsstéttum, s.s. listafólk, stjórnmalafólk og starfsfólk dómskerfis, verði fyrir ólögumætri eftirför. Eltihrellingar geta sprottið af mikilli hrifningu gerandans á þekktum einstaklingi, eða ákvörðun fagfólks sem haft hefur áhrif á líf gerandans. Einnig er til í dæminu að engin tengsl séu milli þolanda og geranda. Þá er hugsanlegt að þolandi hafi fyrir tilviljun mætt augnaráði eltihrellisins eða þjónustað hann í starfi sínu. Slíkar eltihrellingar eru þó sjaldgæfari.

Norðurlandaráð

**A 1660/medborgar**

Fjallað um í:  
Norrrænu velferðarnefndinni

Málsnúmer: 15-00220-12

Sænska glæpaforvarnaráðið Brå hefur gefið út skýrslu seum byggir á rannsókn ráðsins á eltihrellingum í Svíþjóð á árinu 2006 (Stalking i Sverige – omfattning och åtgärder, rapport 2006:3). Tekin voru símaviðtöl við 4000 slembivalda einstaklinga á aldrinum 18–79 ára til að fá hugmynd um umfang vandans, hvaða einstaklingar verða helst fyrir ólöglegri eftirför og hverjar birtingarmyndir hennar eru.

Níu prósent viðmælenda í rannsókn Brå sögðust einhvern tíma á ævinni hafa verið áreitt ítrekað af sama einstaklingnum. Þar af voru 75% konur. Þegar bætt var við spurningunni „var áreitnin nokkuð eða töluvert ógnvænleg?“, lækkaði hlutfall þeirra sem svöruðu játandi niður í 5,9 prósent. Alls höfðu 2,9 prósent verið áreitt á undanfögnu ári.

Sé tengslum þolanda og geranda skipt í þrjá flokka; nán tengsl, önnur tengsl eða engin tengsl, sést að birtingarmyndir áreitninnar eru mismunandi. Í öllum hópunum var algengasta birtingarmynd áreitninnar tölvuskeyti, sendibréf eða símtöl.

Þolendur sem höfðu átt nán tengsl við gerandann voru í meiri hættu. Þeir lentu frekar í því að vera veitt eftirför, hótað eða þeir beittir ofbeldi. Til dæmis átti eltihrellir til að birtast á heimili þolanda, á vinnustað hans eða annars staðar þar sem þolandi kom reglulega. Stundum skildi eltihrellirinn eitthvað eftir til að minna á nærveru sína.

„Öðrum tengslum“ fylgdi oft áreitni með líkamlegri nærveru. Þá var t.d. um að ræða nágrenna, starfsfélaga eða kunningja sem vann skemmdarverk á bíl eða í garði þolanda, reyndi að skemma fyrir honum á vinnustað eða hrópaði á eftir honum á götu. Sjaldgæft var að áreitni væri bundin við símtöl einvörðungu, en margir sögðust hafa fengið símtöl þar sem einhver þagði eða másaði í símann.

Eltihrelling þótti valda minnstum óþægindum ef gerandinn var þolandanum ókunnugur. Ógnvænlegast þótti þegar þolandi hafði átt nán tengsl við geranda. Sjaldgæft var að ókunnugir veittu einstaklingi eftirför, en samkvæmt rannsókn Brå höfðu 2,7% viðmælenda orðið fyrir því. Undarleg símtöl voru algengari í þeim hópi en einnig kom fyrir að fólk í þessum hópi væri veitt eftirför, þótt það væri sjaldgæft.

### *Nethatur – hótanir, hatursorðræða og meiðandi ummæli*

Nethatur hefur einnig verið mikið í umræðunni að undanfögnu. Færst hefur í aukana að fólk sé stöðugt tengt internetinu og samfélagsmiðlum. Þróunin er á sama veg alls staðar á Norðurlöndum. Netíð auðveldar okkur samskipti við fólk hvort sem er í nágrenni við okkur eða erlendis. Það er auðgandi, þroskandi og skemmtilegt, en skuggahliðin felst í nethatri. Nethatur á sér stað gegnum tölvupóst eða samfélagsmiðla og getur verið allt frá meiðandi ummælum til beinna hótana.

Brå hefur gefið út skýrslu (2015:6) um tilkynningar um hótanir og áreitni gegn einstaklingum á netinu sem borist hafa lögreglunni („Polisanmälda hot och kränkningar mot enskilda personer via internet“). Þar er greint frá því hvers eðlis kærur til lögreglu í málaflokkinum eru. Til dæmis snúast algengustu kærur sem stúlkur leggja fram um að myndir af þeim hafa verið birtar á netinu í því skyni að niðurlægja þær. Myndirnar eru iðulega með kynferðislegan undirtón og ummælin niðrandi um meinta kynhegðun stúlkanna. Kærurnar sneru einnig að því að myndunum hafði verið deilt og jafnvel breytt til að auka á kynferðislega undirtóna. Þetta er afar meiðandi og óþægilegt fyrir þann sem fyrir verður. Kærur drengja

sneru fyrst og fremst að ofbeldishótunum, s.s. að þeir yrðu myrtir eða ráðist á þá með vopnum. Það getur verið afar ógnvekjandi að verða fyrir slíku.

Norðurlandaráð

Algengasta kæruefni kvenna var að fyrrverandi maki lét þær ekki í friði eftir að sambandi þeirra lauk. Þar getur verið um margt að ræða, stöku óþægileg tölvaskeyti en einnig langvinna áreitni sem telst til ólögmætrar eftirfarar. Þegar á það stig er komið á áreitnin sér að öllum líkindum einnig stað utan netheima. Í mörgum tilvikum hafði nálgunarbann ýmist verið gefið út eða þá að konan hafði sótt um nálgunarbann um leið og hún kærði. (Brá 2015:6)

**A 1660/medborgar**

Fjallað um í:

Norrænu velferðarnefndinni

Nethatur er erfitt viðureignar, þar sem auðvelt er að skáka í skjóli nafnleyndar á netinu. Stundum berst áreitnin frá öðru landi en þólandi er í og þá er nánast ómögulegt að góma gerandann. Geti til dæmis kona, sem ógnað er af fyrrverandi maka sínum, gefið lögreglu greinargóðar upplýsingar er auðveldara að taka á brotinu. Í sænska sjónvarpsþættinum Agenda þann 20. janúar 2013 kom fram að nethatur er útbreitt vandamál sem erfitt er að öðlast yfirsýn yfir, þar eð mörg brot eru ekki tilkynnt.

Málsnúmer: 15-00220-12

Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku eru lög gegn eltihrellingu, en ekki í Noregi. Löggjöf um eltihrellingu, bæði bókstaflega eftirför og ofsóknir í netheimum, ætti að vera fyrir hendi alls staðar á Norðurlöndum. Í Finnlandi eru ný lög sem taka á „brotum gegn friðhelgi í samskiptum“. Samkvæmt þeim er ólöglegt að senda skilaboð eða hringja ítrekað í því skyni að ónáða eða valda óþægindum.

#### „Eltihrelling“ útskýrð

Kjersti Narud, yfirlæknir og doktor í læknisfræði, sagði á fundi nefndarinnar þann 19. apríl frá niðurstöðum rannsóknarverkefnisins „*Stalking experiences and associated factors*“. Um er að ræða fyrstu lýðrannsóknina á þessu sviði og tekur hún til 5000 þátttakenda á aldrinum 20–59 ára. Innan ramma sama verkefnis var einnig gerð sérstök rannsókn á reynslu norskra þingmanna af eltihrellingu.

Í niðurstöðunum kemur meðal annars fram að 12–16% kvenna verða fyrir eltihrellingu, en 4–7% karla. Dæmigert er að eltihrelling eigi sér stað í tengslum við nánin sambönd, en opinberar persónur eru einnig líklegri til að verða fyrir henni en aðrir. Þolendurnir, konur jafnt sem karlar, höfðu oftast en ekki átt við svipuð vandamál að stríða – erfiða barnæsku, kvíða eða þunglyndi.

Spurningarnar sem voru lagðar fyrir þátttakendum í rannsókninni voru valdar á grundvelli fyrri rannsókna, auk alþjóðlegra spurninga um eltihrellingu.

Rannsóknin á þingmönnum Stórbingsins leiddi í ljós að 95% höfðu orðið fyrir eltihrellingu, sem yfirleitt fólst í hótunum net- eða símleiðis. Flestir brugðust við með því að hafa samband við lögreglu eða lögfræðing, sem er töluvert frábrugðið því sem fram kom í rannsókninni meðal almennings, þar sem stærstur hluti þolenda hafði ekki leitað aðstoðar neinna yfirvalda.

Eltihrelling og netofsóknir eru sívaxandi samfélagsvandamál. Þolendum er hætt við geðrænum kvillum, einangrun og lakari lífsgæðum.

#### Reglur um eltihrellingu og nethatur – Skrifleg fråga E 9/2016 om trakasserier på nettet (Skrifleg fyrirspurn E 9/2016 um áreitni á netinu)

Flutningsmenn tillögunnar vísa til þess að eingöngu í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku eru lög gegn eltihrellingu. Hins vegar hafa Norðmenn nýlega innleitt ákvæði í refsilög sín sem tekur til alvarlegrar eftirfarar („eltihrellingar“).

Í svarinu við skriflegri fyrirspurn E 9/2016<sup>1</sup> um ofbeldi á netinu er gerð grein fyrir reglum landanna um nethatur. Þar er greint ítarlega frá þeim lögum og reglum sem gilda í löndunum. Óhætt er að segja að í öllum löndunum sé að finna lög gegn einhvers konar hatursorðræðu/ólögmætum hótunum og meiðyrðum. Alls staðar nema á Íslandi og Grænlandi eru í gildi lög sem kveða sérstaklega á um nethatur. Íslendingar og Grænlandingar vísa til þeirra laga sem fyrir eru um „brot gegn almennu velsæmi“, og sem geti einnig náð yfir hatursorðræðu á netinu. Í Svíþjóð stendur nú yfir nútímavæðing á gildandi lögum, með því markmiði að auðveldara

<sup>1</sup> Sjá nánar : <http://www.norden.org/sv/nordiska-raadet/aerenden/fraagor-och-svar/2014/e-9-2016>

verði að taka á innrásum í einkalíf fólks sem felast í útbreiðslu á viðkvæmu, persónulegu myndefni og upplýsingum.

Norðurlandaráð

Í Noregi er kveðið á um vernd gegn nethatri, áreitni og hótunum í 185. gr. refsilaga um *orðræðu sem er hatursfull eða hvetur til mismununar á opinberum vettvangi*, 263. gr. um *hótanir með refsiverðri framkomu*, 266. gr. um *brot gegn friðhelgi einstaklings með ógnandi eða óþægilegri framkomu eða annarri ónægætinni hegðun* og 267. gr. um *brot gegn friðhelgi einkalífsins*.

**A 1660/medborgar**

Fjallað um í:

Norrænu velferðarnefndinni

Í stuttu máli er ekki að sjá að vandinn liggir í skorti á löggjöf, heldur felst áskorunin í því að reglum þessum verði fylgt eftir í netheimum.

Málsnúmer: 15-00220-12

Í svari norrænu ríkisstjórnanna við fyrirspurninni er vísað til umræðna dómsmálaráðherranna um glæpsamlega hegðun á netinu, m.a. áreitni, hótanir og hatursorðræðu. Þar var lögð áhersla á mikilvægi þess að fyrirbyggja glæpsamlega hegðun á netinu.

*Aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar gegn nethatri*

Á haustdögum 2015 efndu Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) og embættismannanefndirnar um jafnréttismál (ÄK-JÄM) og menningarmál (ÄK-K) til málþings í samstarfi við Norðurlandaráð æskunnar undir yfirskriftinni „*Varnarleysi ungmenna á netinu og hatursorðræða á netinu á Norðurlöndum*“<sup>2</sup>. Elín Hirst (Sj.) sótti málþingið fyrir hönd borgara- og neytendanefndar Norðurlandaráðs.

Norræna ráðherranefndin vakti einnig máls á þessum vanda á norrænum viðburðum í tengslum við fund kvennanefndar SP í New York.<sup>3</sup> Þar fóru meðal annars fram pallborðsumræður norrænna sérfræðinga um kynbundna hatursorðræðu á netinu.<sup>4</sup> Þar kom fram að alþjóðlegar rannsóknir bentu til þess að greinilegrar kynjaslagsíðu gæti hvað varðar áreitni og ofsóknir á netinu. Konur eiga á hættu að verða fyrir kynbundinni hatursorðræðu og hótunum um ofbeldi og nauðganir, jafnvel fyrir það eitt að vera áberandi í opinberri umræðu. Karlar verða sjaldan fyrir þess háttar kynbundinni áreitni á netinu.

### **Þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna um sameiginlegar norrænar aðgerðir gegn kynferðisáreitni á vinnustöðum**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hefji norrænt verkefni um miðlun þekkingar á umræddu sviði milli félags- og stjórnmalasamtaka, samtaka atvinnurekenda og launafólks, jafnréttisstofnana og annarra hagsmunaaðila sem málið varðar;

að hún framkvæmi samnorrænt mat á umfangi kynferðislegrar áreitni á vinnustöðum á Norðurlöndum, einkum áreitni gegn yngra starfsfólki, áhrifum kynjasamsetningar á vinnustöðum og áreitni gegn viðskiptavinum eða skjólstaðingum.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær hvetji til þess að löndin kanni umfang og afleiðingar kynferðislegrar áreitni á vinnustöðum og áhrif hennar á öryggi, kynjaskiptingu á vinnumarkaði og kynbundinn launamun.

<sup>2</sup> Nánari upplýsingar um málþingið á vefslóðinni: <http://www.norden.org/is/a-doeffinni/frettir/201estjornmalamenn-bera-abyrgd-a-thvi-ad-hvetja-ekki-til-hatursordraedu-a-netinu201c>

<sup>3</sup> Horfið á viðtöl við norræna stjórnmalamenn um nethatur í aðdraganda fundar kvennanefndarinnar í New York: <http://www.norden.org/sv/tema/det-nordiska-samarbetet-om-jaemstaellidhet/videoer>

<sup>4</sup> <http://www.norden.org/is/a-doeffinni/frettir/pallbordsumraedur-norraenna-serfraedinga-gegn-kynbundinni-hatursordraedu-a-netinu>

*Þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna um kynferðislega áreitni – forsaga*

Norðurlandaráð

Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (European Union Agency for Fundamental Rights, FRA) birti á árinu 2014 skýrslu um ofbeldi gegn konum, en hún byggði á viðtölum við 42 þúsund konur í 28 aðildarríkjum ESB.

**A 1660/medborgar**

Könnunin sýndi að hlutfall kvenna á Norðurlöndum, sem verða fyrir kynferðislegri áreitni, er hátt. Stór hluti kvenna í norrænum aðildarríkjum ESB (Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi) eða um 70% verður einhvern tíma fyrir kynferðislegri áreitni en meðaltalið í Evrópu allri er 55%.

Fjallað um í:  
Norrænu velferðarnefndinni

Málsnúmer: 15-00220-12

Í dönsku jafnréttislögunum er kynferðisleg áreitni skilgreind á eftirfarandi hátt: „Kynferðisleg áreitni er þegar líkamleg, orðbundin eða táknræn hegðun með kynferðislegum undirtóni er viðhöfð í óþökk þess sem fyrir henni verður, og markmiðið er að meiða sjálfsvirðingu einstaklingsins, einkum með ógnandi, fjandsamlegu, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða óþægilegu andrúmslofti.“

Á undanförunum árum hefur Starfsgreinasamband Íslands (SGS) ásamt öðrum norrænum stéttarsamböndum rannsakað vandann í hótél- og þjónustugeira. Könnunin sýndi að um 41% þátttakenda á Íslandi, sem unnið höfðu í þjónustustörfum sl. 10 ár, höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Um það bil önnur hver kona og fjórði hver karlmaður höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni, samkvæmt könnuninni. Næstum 70% voru yngri en 24 ára þegar alvarlegasta atvikið átti sér stað.

Danska stéttarfélagið 3F gerði könnun meðal félaga sinna á árinu 2014 og leiddi hún í ljós að margir þeirra höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni. Fimmta hver kona hafði orðið fyrir áreitni kollega sinna eða yfirmanna. Sama könnun leiddi í ljós að eingöngu 9% tilkynntu áreitnina. 48% vissu ekki að reglur um einelti á vinnustað voru í gildi á vinnustað þeirra.

Samkvæmt tölum norsku hagstofunnar (Statistisk Sentralbyrå) frá árinu 2006 urðu 4% norsku þjóðarinnar fyrir kynferðislegri áreitni einu sinni í mánuði eða oftar. Um 12% ungra kvenna og 2% ungra karlmanna urðu fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað einu sinni í mánuði eða oftar. Rannsóknir og kannanir sýna að það eru einkum konur og ungt fólk sem verða fyrir kynferðislegri áreitni. Þá er vitað að þolendum kynferðislegrar áreitni er frekar hætt við geðrænum kvillum. Um þriðjungur þeirra líður illa í vinnunni einu sinni í mánuði eða oftar. Sambærilegt hlutfall einstaklinga sem hafa ekki orðið fyrir kynferðislegri áreitni er 14%. Áreitni á vinnustöðum fer mikið eftir atvinnugreinum. Samkvæmt tölum norsku hagstofunnar verða 32% þjóna og barþjóna fyrir kynferðislegri áreitni, en hlutfallið er 17% hjá starfsfólki í umönnunarstörfum.

Fjórðungur fólks í þjónustustörfum í Danmörku, sem spurt var á árinu 2015, hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni og var hlutfall kvenna (27%) hærra en karla (19%). 37% danskra þjóna hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Fimm dönsk stéttarsambönd, 3F, Teknisk Landsforbund, HK, FOA og Serviceforbundet hafa nú tekið höndum saman í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Sérfræðingar hafa bent á að fræðsla um samskipti kynjanna sé mikilvæg í mjög kynjaskiptu vinnuumhverfi.

*Þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna um kynferðislega áreitni – rökstuðningur*

Ennfremur er mikilvægt að bregðast við karllægri menningu, grófri hegðun og áreitni í garð kvenna á vinnustöðum þar sem karlar eru í meirihluta. Nauðsynlegt er að bregðast við vandanum ef konum á að fjölga á vinnustöðum þar sem þær eru í minnihluta. Það hlýtur að vera mikilvægt skref í átt að auknu jafnrétti á vinnumarkaði.

Að lokum er mikilvægt að meta áhrif kynferðislegrar áreitni á fyrstu reynslu ungs fólks af vinnustað og stöðu þeirra á vinnumarkaði, ennfremur áhrif áreitni á frama og starfsþróun kvenna og vilja þeirra til atvinnuþátttöku til jafns á við karla. Vinnustaður án kynferðislegrar áreitni er öryggisatriði. Það liggur ljóst fyrir þegar við sjáum að ungt fólk er í meirihluta þeirra sem verða fyrir áreitni.

Norðurlandaráð

**A 1660/medborgar**

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna velferðarnefndin lítur alvarlegum augum á eltihrællingu og ýmiss konar áreitni, þar með talið nethatur og kynferðislega áreitni. Nefndin kýs að fjalla sameiginlega um þingmannatillögurnar um eltihrællingu, nethatur og kynferðislega áreitni þar sem um er að ræða mismunandi myndir ógnandi hegðunar og áreitni.

Fjallað um í:

Norrænu velferðarnefndinni

Málsnúmer: 15-00220-12

Í tillögunni um eltihrællingu er lagt til að öll Norðurlönd setji lög um eltihrællingu og ólögmæta eftirför, bæði í raunheimum og á netinu. Nefndin vísar til svars norrænu ríkisstjórnanna við skriflegri fyrirspurn E 9/2016, þar sem vísað er til þess að löggjöf um nethatur gildi um öll löndin. Ennfremur að þar sem sérstakar reglugerðir um eltihrællingu eru ekki til staðar (á Grænlandi og Íslandi) geti slíkt brot fallið undir lög um meiðyrði, brot á friðhelgi einkalífs og ólögmætar hótanir. Nefndin styður því ekki fyrsta málslið tillögunnar sem fjallar um sérstakar reglur.

Hvað rannsóknir á eltihrællingu varðar telur nefndin mikilvægt að kortleggja fyrirbærið svo að unnt sé að grípa til viðeigandi aðgerða. Hitt er að gerðar hafa verið margar rannsóknir á vandanum í löndunum, m.a. glænýjar norskar rannsóknir (sem nefndin hefur fengið að kynna sér) og nýlegar danskar rannsóknir frá 2012 og sænskar rannsóknir frá 2006, sem enn eru gagnlegar.

Varðandi málslið tillögunnar sem snýr að norrænni herferð um leiðir til að taka á eltihrællingu, þá má velja því fyrir sér hvort best væri að framkvæma slíkt á norrænum vettvangi eða á landsvísu. Norræn herferð yrði kostnaðarsöm, og óvíst að hún næði til fleira fólks en landsbundnar herferðir.

Hinsvegar er brýnt að vekja athygli á eltihrællingarvandanum, og því styður nefndin þá tillögu að Norræna ráðherranefndin efni til norrænnar ráðstefnu. Með tilliti til þess að Norræna ráðherranefndin hefur þegar staðið að málþingum og ráðstefnum um nethatur, leggur nefndin til að á umræddri ráðstefnu verði fjallað með heildrænum hætti um ofsóknir og eftirför þar sem haft er í huga að áreitni og ofbeldi á sér ekki eingöngu stað í netheimum heldur einnig í raunheimum.

Einnig vekur það ugg að svo hátt hlutfall kvenna í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð verði fyrir kynferðislegri áreitni. Getur skýringin verið sú að konur á Norðurlöndum, sem búa við meira jafnrétti en konur í öðrum ESB-löndum, séu meðvitaðri um réttindi sín og bregðist því skýrar við óásættanlegri hegðun? Jafnvel þó að svo sé, eru þessar tölur áhyggjuefni. Þeim ber að fylgja eftir og skoða möguleika á sameiginlegum norrænum aðgerðum.

Aðilar vinnumarkaðarins bera meginábyrgð á því hvernig tekið er á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Verði einstaklingur fyrir áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað ber atvinnurekanda að rannsaka málið og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Skylt er að bregðast við áreitni hvort sem hún er af völdum yfirmanns eða starfsfélaga.

Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum er stórt vandamál á Norðurlöndum. Því ætti að gefa yfirvöldum og öðrum aðilum í löndunum kost á því að bera saman reynslu sína af umræddum vanda og verða þannig betur í stakk búin til að bregðast við áreitni á vinnustöðum.

Norræn ráðstefna um áreitni ætti að vera þverfagleg og taka til allra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar sem málið varðar, enda er kynferðisleg áreitni á vinnustöðum ekki aðeins jafnréttismál heldur varðar hún einnig vinnuvernd og löggjöfina. Hér leika aðilar vinnumarkaðarins lykilhlutverk og ættu að koma að málinu.

Í stuttu máli leggur nefndin því til að fjallað verði um almennan vanda vegna áreitni á norrænum vettvangi og efnt verði til norrænnar ráðstefnu þar sem hinar margvíslegu birtingarmyndir áreitni og ofbeldis verði til umfjöllunar.

Norðurlandaráð

Stokkhólmi, 28. júní 2016

*André N. Skjelstad (V)*

*Ari Jalonen (saf)*

*Bengt Morten Wenstøb (H)*

*Bente Stein Mathisen (H), formaður*

*Karen J. Klint (S)*

*Krista Mikkonen (gröna)*

*Lennart Axelsson (S)*

*Mikael Staffas (Lib)*

*Paula Bieler (SD)*

*Rikard Larsson (S)*

*Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)*

*Vigdís Hauksdóttir (F),*

*varaformaður*

#### **A 1660/medborgar**

Fjallað um í:

Norrænu velferðarnefndinni

Málsnúmer: 15-00220-12